

# Auglýsing

## um staðfesting stjórnarráðsins á reglugjörð um mjólkursölu í Hafnarfjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð reglugjörð um mjólkursölu í Hafnarfjarðarkaupstað, er bæjarstjórnin þar hefir samþykkt.

### Reglugjörð

um mjólkursölu í Hafnarfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

- a) Allir, sem gjörast mjólkursalar í Hafnarfirði, skulu sækja skriflega um það til lögreglustjóra, og skal umsókninni fylgja vottorð dýralæknis um það, að fjós og nautgripir mjólkurframleiðanda sjeu í góðu lagi, og skal mjólkursali á hverju ári í maímánuði senda lögreglustjóra slíkt vottorð. Að fengnu sölu-leyfi ber umsækjanda að fullnægja ákvæðum heilbrigðissamþykktar kaupstaðarins, og skal hann vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar. Sjerhver mjólkursali er skyldur til að tilkynna lögreglustjóra tafarlaust frá hvaða heimilum mjólkinn sje, sem hann selur, hvar í bænum salan fari fram, og sönuleiðis um flutning sölustaðar.
- b) Bæjarbúar þeir, er framleiða mjólk til sölu, skulu tilkynna það lögreglustjóra, og skal þeirri tilkynningu fylgja vottorð dýralæknis um það sama, sem tekið er fram undir a-lið.
- c) Heimilt er áreiðanlegum mjólkursölum að kalla mjólk sína barnamjólk, en hlíta verða þeir ákvæðum væntanlegrar reglugjörðar þar að lútandi.

#### 2. gr.

Fita skal minst vera í kaffirjóma 15<sup>0</sup>/<sub>0</sub>, í þeytirjóma 25<sup>0</sup>/<sub>0</sub>, í nýmjólk 3<sup>0</sup>/<sub>0</sub> og í undanrennu 1/2<sup>0</sup>/<sub>0</sub>. Eðlisþyngd nýmjólkur sje við 15 gr. C. 1,028—1,034, undanrennu 1,032—1,038.

#### 3. gr.

Bannað er að selja mjólk, sem er:

1. Óeðlileg á lit eða lykt, beisk eða sölt á bragðið, slímkend, blóðblandin, strimluð eða súr.
2. Úr veikum kúm, svo ástæða sje til að ætla að hún sje óholl.

3. Blönduð vatni, is eða öðrum efnum, hvort heldur þau eru sett í mjólkina til þess að hún haldi sjer betur eða í öðrum tilgangi.
4. Óhrein er mjólkinn, ef sýnilegt grugg sest undir hana á einum klukkutíma. **98**
5. Nýmjólk, sem er svikin á þann hátt, að rjómi hefir verið tekinn úr henni, **22. júní** eða hún hefir verið blönduð með undanrennu, eða síðasta mjólkinn úr júgrinu verið tekin frá.

Bannað getur heilbrigðisnefnd mjólkursölu, ef óþrifalega hefir verið farið með mjólkina, eða hreinlæti og hirðing kúnna er í löku lagi, svo að örðugt sje að forðast að mjólkinn óhreinkist; sömuleiðis ef næmur sjúkdómur er á heimili mjólkursala eða mjólkurframleiðanda. Broddmjólk má ekki setja saman við aðra mjólk.

#### 4. gr.

Kæla skal mjólkina strax eftir að búið er að mjólka, þannig, að á vetr-um sjeu ílátin sett út, meðan mjólkinn kólnar, og á sumrin sjeu mjólkurílátin sett ofan í vatn hæfilegan tíma. Í sölubúðum skal hafa útbúnað til að kæla mjólk-ina þegar þörf gjörist.

#### 5. gr.

Öll mjólk skal flutt til bæjarins og um hann í lokuðum þrifalegum ílátum, og við flutning mjólkur og mjólkuríláta skal gæta ítrasta hreinlætis. Skylt skal að búa svo um mjólkurílátin, að frost nái ekki mjólkinni.

#### 6. gr.

Ekki má flytja, geyma eða selja mjólk í ílátum úr eir, messing eða sinki, nema tinuð sjeu að innan, nje öðrum ílátum, sem spilla mjólkinni, sjerstaklega ryðguðum. Sama gildir um krana í mjólkurílátum.

Öll mjólkurílát, sem er flutt í til útsölumanna, skulu vera með svo víðu opi, að hendi fullorðins manns komist ofan í þau. Undanskildar eru þó glærar flöskur. Mjólkurmál skulu vera með handfangi og fullnægja að efninu til sömu skilyrðum og önnur mjólkurílát. Mjólkurílátin má aldrei hafa undir annað en mjólk, nema heilbrigðisnefnd leyfi.

Ef þjetta þarf lok mjólkuríláts, sem mjólk er flutt í til útsölastaða, skal það gjört með togledurshring. Sjerhver mjólkurframleiðandi, sem hefir útsölu á mjólk í Hafnarfirði, er skyldur til að merkja mjólkurílát sinn með glöggu eignar-nafni, og senda þau innsigliuð til útsölastaðanna. Öll mjólkurílát skulu vandlega hreinsuð.

#### 7. gr.

Mjólkursölubúðir skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Búðin skal vera björt, loftgóð og auðvelt að hreinsa hana, loftið skal vera fyllilega rykhelt og gólfíð vatnsþjett.

2. Bekkir eða hyllur skulu vera fyrir mjólkurilátin og bakkar undir málin.
22. júlí 98 3. Búð og ílátum skal halda vandlega hreinum, gólf þvegin daglega, en aldrei sópuð. Í mjólkurbúðum má ekki án leyfis heilbrigðisnefndar selja annað en brauð, kökur, mjólk, grjón, smjör, smjörliki og egg.
- Sölumaður skal laus við næma og viðbjóðslega kvilla, vera hreinlega til fara, helst í hvítum ytri klæðum.
- Í mjólkurbúð má hvorki sofa nje matast. Liggi svefnherbergi eða eldhús að búðinni, skal velfeld hurð vera á milli, sem jafnaðarlega sje læst.

## 9. gr.

Sýkist maður á heimili mjólkursala í húsi því, sem mjólk er seld, skal það tafarlaust tilkynt heilbrigðisnefnd.

## 10. gr.

Heimilt skal heilbrigðisnefnd hvenær sem vera skal að athuga sölubúðir, ílát, mjólk, fjós og annað, sem að mjólkursölu eða þrifnaði lýtur. Skylt skal að láta henni í tje endurgjaldslaust mjólk til rannsóknar. Heilbrigðisnefnd skal skylt að láta rannsaka mjólk, ef mjólkursalar óska þess, uppá þeirra kostnað.

## 11. gr.

Heimilt skal heilbrigðisnefnd að láta ónýta mjólk, sem sala er bönnuð á samkvæmt reglugjörð þessari. Sje hún grunnsom, má kyrsetja hana. Skylt skal að láta rannsaka nýmjólk á efnarannsóknarstofu, ef heilbrigðisnefnd telur þess þörf, og greiðir bæjarsjóður kostnaðinn við þá rannsókn.

## 12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 200 kr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 15. ágúst 1916.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

**Í stjórnarráði Íslands, 22. júlí 1916.**

**Einar Arnórsson.**

G. Sveinbjörnsson.